

Fundur stjórnar 18.mars 2020

Mættir fulltrúar: Haraldur Haralds, Jónas Kristinsson, Víctor Olsen, Sveinbjörn Másson, Sævar Péturs (síma) , Helgi Aðalsteinsson, Sigurður K og Birgir Jóhannsson.

Forföll:

Fyrir var tekið:

1. Covid 19 afleiðing fyrir félögin, æfingar

- a. Gert er ráð fyrir leiðbeinandi upplýsingum í fyrramálið frá Mennta- og Heilbrigðisráðuneytinu varðandi nánari útfærslu á æfingu yngri flokka.

2. Mótahald

- a. Lögð var fram tillaga frá mótanefnd KSÍ og óskað eftir viðbrögðum frá stjórn ÍTF. Tillagan samþykkt að því gefnu að félögin hafi að minnsta kosti 3 vikur frá því að samkomubanni lýkur að mótahald hefjist. Verði samkomubann framlengt verður staðan endurmetin.

3. Fjármál félaga

- a. Kallað verði eftir viðbrögðum frá KSÍ og lögð fram yfirlýsing ÍTF á næsta stjórnarfund KSÍ. ÍTF lýsir yfir gríðarlegum áhyggjum af fjármálum félaganna. Yfirlýsingin verður send á ÍSÍ, menntamálaráðherra og fjármálaráðherra.

4. Fyrirspurn aðildarfélags

- a. Málinu vísað til stjórnar KSÍ og óskað eftir því að málið verður tekið fyrir á næsta stjórnarfund.

5. Önnur mál

- a. Leyfiskerfi KSÍ – UEFA sendi til landsins umsjónaraðila með leyfiskerfinu sem framkvæmdu úttekt á 4 félögum. Niðurstaðan var sú að þeir óska eftir breyttu vinnulagi við skil á ársreikningum félaga og mun Haukur lögfræðingu KSÍ kynna það nánar síðar.
- b. Fundur félaga í ÍBR. Sigurður og Haraldur fóru yfir fund ÍBR sem haldinn var í dag vegna áhrifa samkomubannsins á æfingar yngri flokka. Meiri líkur en minnir eru að bannið verði framlengt og ljóst að félögin þurfa að fá skýrari upplýsingar frá ÍSÍ.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 14:00.